

**Sp.**

**383. Tillaga til þingsályktunar**

[147. mál]

um skjótar varnarráðstafanir gegn útbreiðslu mæðiveiki á Vestfjörðum.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela sauðfjársjúkdómanefnd að gera nú þegar ráðstafanir til þess, að hindruð verði útbreiðsla mæðiveiki á Vestfjörðum, en sá landshluti hefur átt ríkan þátt í að tryggja íslenskum landbúnaði heilbrigðan fjárstofn.

**Greinargerð.**

Rétt fyrir páskana spurðust þau ótíðindi, að mæðiveiki hefði orðið vart í Reykhólasveit í Barðastrandarsýslu. Hafa þessar fregnir ekki aðeins vakið mikinn ugg meðal bænda á Vestfjörðum, heldur og um land allt. Frá Vestfjörðum hefur íslenzkur landbúnaður fengið hraustan fjárstofn á hinum mestu þrengingatímum, þegar sauðfjárpestirnar hafa herjað í svo að segja öllum öðrum landshlutum.

Í Reykhólasveit hefur mæðiveiki aldrei orðið vart áður, og fjárskipti hafa ekki farið þar fram. Kom því fregnin um, að mæðiveiki hefði orðið þar vart, sem reiðarslag yfir sveitina og nálæg byggðarlög.

Ekki er fyllilega vitað enn þá um útbreiðslu veikinnar á þessum slóðum. En í síðustu viku fór Guðmundur Gíslason læknir aftur þangað vestur til frekari rannsókna. Var að þeirri för lokinni slátrað nokkrum kindum til viðbótar þeim, sem áður hafði verið slátrað. Voru þær frá Miðhúsum og nokkrum nágrenna-  
bæjum. Kom þá í ljós, að sýktar kindur voru á nokkrum þessara bæja.

Hér er því vissulega um hin alvarlegustu tíðindi að ræða. Náinn samgangur er milli fjár í Reykhólasveit og næstu sveitum. Einnig hendir, að fé þaðan og úr Steingrímsfirði og Nauteyrarhreppi við Ísafjarðardjúp gangi saman. Í Steingrímsfirði hefur mæðiveiki að visu orðið vart. En í sveitunum við norðanvert Ísafjarðardjúp hefur veikin aldrei komið upp, og að sjálfsögðu ekki heldur vestan varnargirðingarinnar úr Kollafirði í Ísafjörð. Á miklu veltur, að skjótar ráðstafanir verði gerðar til varnar gegn frekari útbreiðslu veikinnar í þessum landshluta, sem segja má að verið hafi líftaug sauðfjárbúskaparins í landinu, meðan sauðfjárpestirnar herjuðu sem ákafast um meginhluta landsins.

Hér skal ekki lagður endanlegur dómur á það, til hvaða ráðstafana skuli gripið. En tvennt virðist nærtækast:

Í fyrsta lagi að treysta sem mest má verða varnargirðinguna úr Kollafirði í Ísafjörð og verja þannig allan vesturhluta Vestfjarða.

Í öðru lagi að girða Reykjanesið af og freista þannig að takmarka útbreiðslu veikinnar við það byggðarlag.

Efling varnargirðingarinnar úr Berufirði í Steingrímsfjörð kæmi einnig til greina.

Tillaga þessi er flutt með það fyrir augum að leggja hina mestu áherzlu á, að ofangreindum og öðrum skynsamlegum ráðstöfunum verði hraðað eins og frekast er kostur á.